

Umhverfisstofnun
Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 22. maí 2024
Málsnúmer: 202405-0025
LA

Efni: Umsögn um leyfi til sýnatöku í Mývatni, Kleifarvatni og við Strýturnar í Eyjafirði

Vísað er til tölvupósts frá Umhverfisstofnun dags. 16. maí 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn frá Stony Brook University, SoMAS, um leyfi til sýnatöku innan verndarsvæða sem eru Mývatn, Kleifarvatn og Strýturnar í Eyjafirði. Sýnatakan er til vísindarannsókna á ófrumbjarga lífverum í jarðhitasýnum og sem tengjast rannsóknum á sambærilegum sýnum frá Mars. Safnað verður sýnum af jarðhitavökva og gasi, auk setsýna þar sem hvert sýni er um 10 gr. Við Strýturnar er ráðgert að safna um 20 sýnum (200 gr), í Kleifarvatni um 30 sýnum (300 gr) og í Mývatni um 15 sýnum (150 gr). Áætlað er að kafa eftir sýnunum og við Strýturnar er gert ráð fyrir að umsjónarmaður friðlandsins verði með til eftirlits.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér erindið og telur að ekki sé hætt á raski jarðhitamyndana í Mývatni og Kleifarvatni vegna söfnun setsýna, sem eru að mestu laust set. Við Strýturnar gegnir öðru máli þar sem um eru að ræða harðar en viðkvæmar jarðhitaútfellingar eða myndanir. Ekki er æskilegt að brotið sé úr jarðhitamyndun strýtanna til sýnatöku og því er mikilvægt að umsjónarmaður friðlandsins, Erlendur Bogason, sé með í för til eftirlits og ráðgjafar.

Í umsókn SoMAS er villa um magn sýnatöku í Mývatni, þ.e. 15 sýni, 10 gr hvert, samtals 150 gr, en ekki 300 gr eins og kemur fram í umsókn.

Umsóknaraðilar þurfa að sækja um leyfi hjá Náttúrufræðistofnun Íslands til útflutnings sýna úr landi (<https://www.ni.is/en/about/permits>).

Æskilegt er að kalla eftir niðurstöðum rannsókna þegar þær liggja fyrir.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

